

Fjarðalax hf.
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður

Reykjavík 3. maí 2019
UST201811-279/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með skilyrðum

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 16. janúar sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur vegna frávíka sem skráð voru í eftirliti þann 14. nóvember 2018. Þann 7. febrúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila og uppfærð úrbótaáætlun þann 23. apríl.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 3.4 í starfsleyfi og reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.** Rekstraraðili hefur ekki heimild til notkunar eldisnóta sem eru lítaðar með efnum sem innihalda koparoxíð. Kvíar með lituðum nótum hafa verið í notkun á eldisstaðnum við Þúfnaeyri (Eyri) síðan 4. júní 2018. *Samkvæmt uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila mun kopar vera vaktadur í botnseti og pokum [eldisnótum] skipt út þegar slátrun er lokið. Einnig verði pokarnir ekki háþrýstíþvegnir á meðan eldinu stendur. Áætlað er að slátrun hefjist vorið 2020 og verði lokið að hausti 2020.* Stofnunin samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila með eftirfarandi skilyrðum. Stofnunin telur frest til haustsins 2020 langan og óskar eftir því að þegar fiskurinn er kominn í lágmarks-sláturstærð í hverri kví fyrir sig, verði slátrað upp úr þeim eins fljótt og auðið er. Stofnunin óskar eftir því að áætlaðar sýnatökur í botnseti við hámarkslífmassa og eftir hvíldartíma verði C-botnrannsóknir, í stað B-botnrannsókna, auk koparmælinga.
- 2. Gr. 4.2 í starfsleyfi.** Ársyfirliti skal skila fyrir fyrsta 1. maí ár hvert. Í ársyfirliti skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga sbr. 3. og 5. kafla starfsleyfis. Ársyfirlit rekstraraðila barst of seint og var ekki fullnægjandi. Grænt bókhald ársins 2018 hefur borist og eru skráningarnar sundurliðaðar. Frávikinu telst því lokið.

Úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í eftirliti.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Virðingarfyllt



Frigg Þorlacius
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða